



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Mars 2016

Efnisyfirlit

Niðurstöður og ábendingar	3
Viðbrögð við ábendingum	6
1 Inngangur.....	8
2 Gjafagerningur árið 2012.....	9
2.1 Aðdragandi 1984–2012.....	9
2.2 Samkomulag Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og Listasafns Íslands..	11
2.2.1 Efnir samkomulagsins	11
2.2.2 Óuppfyllt ákvæði samkomulagsins	13
2.3 Samningur um útgáfurétt á verkum Sigurjóns	15
2.4 Þjónustusamningur Listasafns Íslands við Birgittu Spur.....	15
2.5 Framtíð Listasafns Sigurjóns Ólafssonar	16
3 Rekstur Listasafns Íslands og Listasafns Sigurjóns Ólafssonar	19
3.1 Fjárveitingar og rekstur	19
3.1.1 Fjárveitingar vegna Listasafns Sigurjóns Ólafssonar	19

Niðurstöður og ábendingar

Þann 21. júní 2012 færði Sjálfseignarstofnunin Listasafn Sigurjóns Ólafssonar Listasafni Íslands að gjöf allar eigur sínar, þ. á m. 181 þrívítt listaverk, 240 teikningar, fasteign á Laugarnestanga og lausafé. Í gjafabréfinu kom fram að listaverkin væru gefin án kvaða utan þess að þau yrðu varðveitt og þeim viðhaldið á „þann besta mögulega hátt sem kostur er hverju sinni að mati Listasafns Íslands“. Þá yrði höfundar-, sæmdar- og fylgi-réttur áfram í eigu ekkju Sigurjóns eða þess sem leiðir rétt sinn frá henni. Loks var kveðið á um að söfnin gerðu með sér samkomulag um varðveislu gjafarinnar og var það undirritað sama dag.

Gjafagerningur
árið 2012

Í samkomulaginu var m.a. kveðið á um að listaverk og aðrir munir gjafagerningsins mynduðu sameiginlega safn Sigurjóns. Listasafn Íslands skyldi halda utan um það sem eina heild, sérstakt safn innan Listasafns Íslands undir nafni listamannsins. Safn yrði áfram rekið á Laugarnestanga og þar yrðu ávallt einhver verk Sigurjóns til sýnis. Þá skyldi Listasafn Íslands tryggja betri geymslur undir listaverkin sem fylgdu gjöfinni og taka við skuldbindingum vegna starfsmanna safnsins. Til að tryggja sérstöðu og ein-kenni listar Sigurjóns kvað samkomulagið á um að Listasafn Íslands skipaði þriggja manna ráðgjafarnefnd sem hefði það hlutverk að gera tillögur um sýningar og starf-semi í húsnæði og á lóð safnsins. Loks yrði ekkju Sigurjóns heimilað að búa áfram í íbúð í húsnæði safnsins án þess að greiða húsaleigu. Gerður yrði sérstakur samningur við hana þar um.

Samkomulag um
varðveislu
gjafarinnar

Á fundi fulltrúa erfingja Sigurjóns Ólafssonar með ríkisendurskoðanda í ágúst 2015 kom fram að þeir teldu Listasafn Íslands ekki hafa efnt allar skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu. Þá hefðu þeir efasemdir um að fjárveitingum sem Alþingi veitti til reksturs Listasafns Sigurjóns Ólafssonar væri raunverulega ráðstafað til verkefna safnsins. Óskaði fulltrúinn eftir skoðun Ríkisendurskoðunar á þessum þáttum.

Mögulegar van-
efndir á ákvæðum
samkomulagsins

Úttekt Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að Listasafn Íslands hefur efnt flest ákvæði fyrrnefnds samkomulags. Tvö mikilvæg atriði standa þó enn út af borðinu. Í fyrsta lagi hefur Listasafn Íslands ekki tryggt öllum þeim listaverkum sem fylgdu gjafagerningnum betri geymslur en fyrir voru. Einungis 14 verk hafa verið færð í geymslur Listasafns Íslands en stærstur hluti annarra verka er geymdur við ófullnægjandi aðstæður. Forsvarsmenn Listasafns Íslands bentu á að staða geymslumála þess hefði lengi verið slæm og að það hefði að þessu leyti verið vanbúið að taka við gjöfinni. Úrbætur í varð-veislumálum verka Sigurjóns myndu óhjákvæmilega haldast í hendur við aukningu geymslurýmis fyrir safnið í heild sinni. Engin formlega áætlun liggur þó fyrir í þeim málum og er það áhyggjuefni að mati Ríkisendurskoðunar.

Ríkisendurskoðun
telur flest ákvæði
samkomulagsins
hafa verið efnd

Í öðru lagi hefur Listasafn Íslands einungis yfirfarið og metið ástand 55 listaverka af því 181 sem gjafagerningurinn náði til. Þá eru enn óyfirfarin 120 verk í eigu erfingja Sigurjóns Ólafssonar sem þeir lánuðu safninu ótímabundið gegn því að það varðveitti þau

Bæta þarf geymsluáðstöðu og meta ástand listaverkanna

og viðhaldi ástandi þeirra frá afhendingu. Forsenda þess að hægt verði að meta hvernig Listasafni Íslands gangi að standa við þá skuldbindingu er að ástand verkanna hafi verið metið. Safnið kvað aðstæður og mannafla ekki hafa leyft að þetta verkefni fengi sérstakan forgang. Engin formleg áætlun liggur fyrir um úttekt á verkunum og því er með öllu óljóst hvenær henni mun ljúka. Forvörður safnsins telur æskilegast að taka verkin út um leið og þau verða færð í nýjar og betri geymslur. Að mati Ríkisendurskoðunar undirstrikar það hversu aðkallandi úrbætur í varðveislumálum safnsins eru.

Ákvæði þjónustusamnings túlkað með ólíkum hætti

Þegar Listasafn Sigurjóns Ólafssonar var gefið Listasafni Íslands lét Birgitta Spur af störfum sem forstöðumaður safnsins. Ein af forsendum gjafagerningsins var að sem minnst breyting yrði á högum hennar. Hún fengi áfram að búa í íbúð safnsins og njóta sömu lífskjara og áður eftir því sem kostur væri. Til að tryggja þetta gerði Listasafn Íslands þjónustusamning við Birgittu. Í samningnum segir að meginmarkmið hans sé að safnið „geti notið þjónustu ráðgjafa“ (þ.e. Birgittu) vegna verkefna sem tengjast starfsemi í og við húsnæði safnsins á Laugarnestanga og listaverkum Sigurjóns Ólafssonar, m.a. undirbúningi og skipulagningu sýningahalds, fræðslustarfs, útgáfu og kynninga á verkum listamannsins. Samningsaðilar hafa túlkað þetta ákvæði með ólíkum hætti. Listasafnið telur að það feli í sér að þjónusta skuli veitt eftir þörfum og óskum þess en Birgitta hefur litið svo á að hún hafi verið ráðin til að sinna sérstökum verkefnum á vegum Listasafnsins. Óvissa hefur því ríkt um raunverulegt hlutverk hennar. Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að samningsaðilar skilji ákvæði og inntak samningsins með sama hætti svo að ljóst megi verða hvert hlutverk Birgittu sem ráðgjafa sé og hvaða verkefnum henni er ætlað að sinna fyrir Listasafn Íslands.

Listasafn Íslands þarf að efla stjórn sína á málefnum Listasafns Sigurjóns Ólafssonar

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur stjórn Listasafns Íslands á málefnum Listasafns Sigurjóns Ólafssonar verið veik. Í febrúar 2016 voru tæp fjögur ár liðin frá því að gjafagerningurinn var staðfestur en samruna safnanna var þó enn ólokið. Listasafn Íslands hefur hvorki tekið við stjórn Listasafns Sigurjóns Ólafssonar með afgerandi hætti né hefur það mótað skýra framtíðarsýn um starfsemi þess eða gert formlega áætlun um hvernig það ætlar sér að fella það undir Listasafn Íslands. Þetta hefur haft neikvæð áhrif á samskipti þeirra aðila sem komu að gjafagerningnum. Listasafn Íslands er því hvatt til að efla stjórn sína á málefnum Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, stuðla að því að ábyrgð og verkaskipting sé skýr og marka formlega stefnu um framtíð safnsins. Ríkisendurskoðun telur æskilegt að Listasafn Íslands kynni áform sín og ákvarðanir á fundum ráðgjafarnefndar og leggi sig fram um að hafa gott samráð við erfingja Sigurjóns um framtíð safnsins.

Virða ber viðfangaskiptingu fjárlaga

Þá leggur Ríkisendurskoðun áherslu á að Listasafn Íslands verji þeim fjárheimildum sem tengdar eru Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í fjárlögum til reksturs þess og verkefna. Listasafn Íslands hefur litið svo á að þrátt fyrir viðfangaskiptingu í fjárlögum megi líta á fjárveitingar til safnsins sem eina heild og að því sé heimilt að færa þær á milli viðfanga eftir þörfum. Þessu er Ríkisendurskoðun ósammála. Stofnunin lítur svo á að ef Alþingi samþykkir í fjárlögum að skipta fjárveitingu til stofnunar niður á sérgreind viðföng beri forstöðumanni að virða það. Viðfangaskipting hljóti að helgast af sjónarmiðum um aðgreiningu í rekstri sem Alþingi vill að höfð séu í heiðri. Telji forstöðumaður að leiðrétta þurfi skiptingu fjárheimilda beri honum að óska eftir því með formlegum hætti.

Ábendingar til Listasafns Íslands

1. Bæta þarf geymsluaðstöðu þeirra verka sem fylgdu gjafagerningi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og meta ástand þeirra.

Mikilvægt er að Listasafn Íslands setji sér formlega áætlun um úrbætur í varðveislu-málum safnsins og leiti allra leiða til að bæta geymsluaðstöðu þeirra verka sem það tók að sér að varðveita þegar það þáði gjöf Listasafns Sigurjóns Ólafssonar. Þá er mikilvægt að safnið geri áætlun um úttekt á verkum Sigurjóns í vörslu þess sem forvörður safnsins hefur enn ekki yfirfarið.

2. Listasafn Íslands þarf að efla stjórn sína á málefnum Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

Listasafn Íslands er hvatt til að marka skýra stefnu um Listasafn Sigurjóns Ólafssonar og hvernig það hyggst standa við samkomulag gjafagerningsins. Í því sambandi er mikilvægt að safnið tryggji góð samskipti og virkt samráð í ráðgjafarnefnd um málefni Listasafns Sigurjóns Ólafssonar. Þá verður Listasafn Íslands að hafa forgöngu um að endurskoða þjónustusamning sinn við Birgittu Spur með það að markmiði að skýra hlutverk hennar og verkefni sem ráðgjafa. Mikilvægt er að samningsaðilar séu einhuga um ákvæði og inntak samningsins og að endurskoðun hans eigi sér stað í góðu samstarfi þeirra.

3. Fara verður að vilja Alþingis við nýtingu fjárheimilda.

Listasafni Íslands ber að virða viðfangaskiptingu fjárheimilda sinna eins og hún birtist í fjárlögum hvers árs og verja þeim fjárheimildum sem tengdar eru Listasafni Sigurjóns Ólafssonar til reksturs þess og verkefna.

Viðbrögð við ábendingum

Viðbrögð Listasafns Íslands

1. Bæta þarf geymsluaðstöðu þeirra verka sem fylgdu gjafagerningi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og meta ástand þeirra.

„Listasafn Íslands glímir við mikinn vanda varðandi varðveislu safnkosts vegna skorts á viðunandi húsnæði og hefur safnstjóri ítrekað vakið athygli mennta- og menningarmálaráðuneytis á þeim vanda og óskað eftir aðstoð við úrbætur. Forvörður Listasafns Íslands hefur bent á að núverandi varðveisluhúsnæði listaverka LSÓ sé ásættanlegt í ljósi þess að það sé ekki síðra en það húsnæði sem Lí hefur til umráða fyrir önnur verk í eigu safnsins. Að mati Listasafns Íslands er mikilvægt að vinna að heildarlausn á varðveislu- og geymsluvanda safnsins, þar með talið safni Sigurjóns Ólafssonar og safni Ásgríms Jónssonar. Listasafn Íslands hefur þegar hafið þá vinnu og mun áætlun um úrbætur liggja fyrir eigi síðar en haustið 2016. Ef í ljós kemur að ekki sé mögulegt að tengja ástandsskoðun verka í LSÓ við flutning í nýtt varðveisluhúsnæði mun forvörður setja ástandsskoðun verkanna í forgang og reyna að ljúka henni eigi síðar en við árslok 2016.

Við vinnslu samkomulagsins á milli Lí og LSÓ sat átta manna nefnd. Í nefndinni voru fjórir nefndarmenn frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, þrír frá Listasafni Sigurjóns Ólafssonar og aðeins einn frá Listasafni Íslands. Öllum samningsaðilum hefði mátt vera það ljóst að eðlilegast hefði verið að ástandsskoða verkin áður en þau voru afhent Listasafni Íslands. Slík úttekt hefði jafnframt leitt í ljós þörfina á varðveislu þeirra til frambúðar og varpað ljósi á þá þætti er lúta að fyrirbyggjandi forvörslu.

Listasafn Íslands mun bregðast við ábendingum Ríkisendurskoðunar og gera áætlun um uppbyggingu varðveislurýmis fyrir listaverkæignina, ásamt því að setja fram áætlun um ástandsskoðun verka Sigurjóns Ólafssonar. Stefnt er að því að þær áætlanir verði tilbúnar haustið 2016. Það verða þó aldrei annað en áætlanir og vill Listasafn Íslands í því sambandi benda á að það starfar aðeins einn forvörður við safnið auk þess sem Lí hefur margoft bent á að varðveisluhúsnæði safnsins sé fyrir löngu sprungið og sendi forstöðumaður ráðherra bréf sl. vor, þar sem hann segist ekki lengur geta borið ábyrgð á safneigninni við þær aðstæður sem hún er geymd.

Á bls. [19] í skýrslunni er rætt um raunútgjöld LSÓ árið 2012 og því til viðbótar þurfi að gera ráð fyrir leigukostnaði á húsnæði, samnings við fráfarandi forstöðumann og aukinn geymslukostnað. Tafla 3.2 á bls. [20] sýnir stöðu fjárheimilda þegar reiknað hefur verið með húsnæðiskostnaði og samningskostnaði, þá eru eftir 19,9 millj. til aukins geymslukostnaðar. Sú upphæð dugir afar skammt og má í því sambandi benda á muninn á því fjármagni sem Þjóðminjasafn Íslands hefur fengið til þess að flytja í nýtt þjónustuhúsnæði, nýtt varðveisluhúsnæði Listasafns Reykjavíkur og nýtt varðveisluhús Árbæjarsafns, en upphæðirnar hlaupa þar á tugum og hundruðum milljóna. Úrbætur í

geymslumálum eru kostnaðarsamar og það getur ekki verið á ábyrgð annarra en hins opinbera að standa straum af þeirri fjármögnun.“

2. Listasafn Íslands þarf að efla stjórn sína á málefnum Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

„Taka skal fram að Listasafn Íslands telur sig hafa farið fram með eins varfærum hætti og mögulegt er í samskiptum sínum við erfingja Sigurjóns Ólafssonar og þannig tamið sér mildilega umgengni með virku samráði við ættingja myndhöggvarans. Eflaust hefur það bitnað á því sem kalla mætti „skýr stefna“, en forstöðumaður Listasafns Íslands hefur ekki hvarflað frá þeirri hugmynd sem hann reifaði við Birgittu Spur, að hann sæi fyrir sér Listasafn Sigurjóns og umhverfi sem „lítið Louisiana“, en Louisiana-safnið í Humblebæk á Norður-Sjálandi er vinsælast allra listasafna á Norðurlöndunum. Skömmu eftir samræðurnar um möguleika LSÓ ákváðu erfingjar Sigurjóns að óska eftir samruna safnsins við Listasafn Íslands.

Forstöðumaður Listasafns Íslands mun því á næstu vikum fylgja tilmælum Ríkisendurskoðunar:

1. marka skýra stefnu um Listasafn Sigurjóns
2. endurskoða þjónustusamning Listasafns Íslands við Birgittu Spur, svo hlutverk hennar og skyldur fari ekki milli mála.“

3. Fara verður að vilja Alþingis við nýtingu fjárheimilda.

„Eins og fram kom í skýrslunni túlkuðu bæði Listasafn Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytið heimildir forstöðumanns til þess að færa fjárheimildir á milli viðfanga á annan hátt en Ríkisendurskoðun. Listasafn Íslands mun að sjálfsögðu taka ábendingum Ríkisendurskoðunar í þessum málum og jafnframt vera vakandi yfir því að ekki verði skekkjur í bókhaldi af þeim sökum. Þegar hefur verið brugðist við og fjárheimildir á milli viðfanga leiðréttar í fjárlögum ársins 2016. Leitað verður leiða til þess að nýta þá upphæð fjárheimilda fyrir LSÓ, sem safnast hefur upp frá 2012–2015, til þess að bæta varðveislumál á næstu 4 árum.“

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun Alþingis

Ríkisendurskoðun er sjálfstæð eftirlitsstofnun Alþingis og sækir heimild sína til stjórn-sýsluendurskoðunar í 9. gr. laga nr. 86/1997 um stofnunina. Slík endurskoðun felst í að kanna meðferð og nýtingu almannafrjá, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri ríkisstofnana og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í því sambandi. Ríkisendurskoðun skal gera hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum, vekja athygli á því sem hún telur hafa farið úrskeiðis í rekstri og benda á það sem athuga þarf með tilliti til úrbóta. Við úttektir sínar fylgir stofnunin verklagsreglum sem byggja á og eru í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana, INTOSAI, um stjórn-sýsluendurskoðun (sbr. einkum ISSAI 300 og ISSAI 3000).

Á fundi með ríkisendurskoðanda 5. ágúst 2015 óskaði fulltrúi erfingja Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara eftir skoðun Ríkisendurskoðunar á meintum vanefndum Listasafns Íslands á samkomulagi þess við Sjálfseignarstofnunina Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Með gjafabréfi frá 21. júní 2012 hafði sjálfseignarstofnunin fært Listasafni Íslands til eignar og varðveislu allar eignir safnsins. Samhliða því höfðu þessir aðilar gert með sér samkomulag um varðveislu gjafarinnar sem erfingjarnir töldu að einhverju leyti vera óuppfyllt. Þá töldu þeir að fjárveitingum til reksturs Listasafns Sigurjóns Ólafssonar væri ekki að öllu leyti ráðstafað til verkefna safnsins.

Efndir samkomulags kannaðar

Ríkisendurskoðun hóf forkönnun á málefnum Listasafns Sigurjóns Ólafssonar í byrjun nóvember 2015. Niðurstaðan var að ráðast í aðalúttekt með það að markmiði að meta hvort Listasafn Íslands hefði staðið við þær skyldur sem það tók á sig þegar það veitti gjöfinni viðtöku. Leitast var við að svara eftirfarandi meginspurningum:

- ✓ Hefur Listasafn Íslands staðið við þær skuldbindingar sem fylgdu því að taka við gjöf Sjálfseignarstofnunarinnar Listasafn Sigurjóns Ólafssonar?
- ✓ Hver eru framtíðaráform Listasafns Íslands um þessa gjöf?

Ríkisendurskoðun aflaði upplýsinga og gagna hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Listasafni Íslands og erfingjum Sigurjóns Ólafssonar ásamt því að funda með fulltrúum þessara aðila. Rýnt var í samninga og skjöl vegna gjafagerningsins sem og lög og reglugerðir er varða myndlist, söfn og fjárreiður ríkisins. Þá var stuðst við upplýsingar úr ríkisreikningi árin 2010–14, ársreikningum Sjálfseignarstofnunarinnar Listasafn Sigurjóns Ólafssonar og úr Orra, Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins. Við mat og ábendingar voru fyrrgreind gögn höfð til hliðsjónar.

Fyrirnefndir aðilar fengu drög að skýrslunni til umsagnar. Viðbrögð Listasafns Íslands við þeim ábendingum sem beint er til þess eru birt í kaflanum „Viðbrögð við ábendingum“. Ríkisendurskoðun þakkar þeim sem veittu upplýsingar og aðstoð við úttektina.

2 Gjafagerningur árið 2012

2.1 Aðdragandi 1984–2012

Sigurjón Ólafsson myndhöggvari (1908–1982) var í hópi brautryðjenda abstraktlistar á Íslandi og einn helsti portrettlistamaður sinnar samtíðar. Meðal þekktustu verka hans eru lágmyndirnar á stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar, Öndvegissúlurnar við Höfða og Íslandsmerki á Hagatorgi. Árið 1984 stofnaði eftirlifandi eiginkona hans, Inga Birgitta Spur (hér eftir Birgitta Spur), einkasafnið Listasafn Sigurjóns Ólafssonar utan um þau listaverk sem hann hafði skilið eftir sig. Hún breytti vinnustofu hans og hluta af heimili þeirra í safnhús sem var opnað almenningi í október 1988. Safnið stendur á Laugar-
nestanga í Reykjavík. Þar hefur jafnframt verið miðstöð rannsókna um list Sigurjóns.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar stofnað árið 1984

Í lok nóvember 1989 var rekstrarfyrirkomulagi safnsins breytt og það gert að sjálfseignarstofnun með samþykktari skipulagsskrá. Við stofnun hennar lagði Birgitta Spur til ýmsar eignir sem óendurkræft stofnfé, þ. á m. 80 listaverk eftir Sigurjón og allar fasteignir að Laugarnestanga 70. Safnið var rekið með þessum hætti til ársins 2012 með sjálfsaflafé og stuðningi frá ríki og Reykjavíkurborg. Opinber framlög voru kjölfestan í rekstrinum og var hlutfall þeirra 60–87% af tekjum safnsins. Eftir efnahagshrunið árið 2008 dró úr opinberum framlögum og lækkuðu þau t.d. um 1,8 m.kr. milli árana 2009 og 2010. Á sama tíma jukust gjöld safnsins um tæpar 2,8 m.kr. og var það því rekið með 4,6 m.kr. tapi árið 2010. Sú staða varð til þess að forstöðumaður safnsins, Birgitta Spur, hóf að leita nýrra leiða til að tryggja framtíðarrekstur þess.

Safnið rekið með stuðningi ríkis og Reykjavíkurborgar til 2012

Í 26. gr. skipulagsskrár Listasafns Sigurjóns Ólafssonar sagði að ef til þess kæmi að sjálfseignarstofnunin yrði lögð niður og engin önnur stofnsett með sama eða svipað hlutverk rynnu allar eigur hennar að hálfu til Listasafns Íslands og Reykjavíkurborgar að tilhlutan menntamálaráðuneytis (nú mennta- og menningarmálaráðuneyti). Til að forða því leitaði þáverandi forstöðumaður safnsins til Listasafns Íslands vorið 2010 og lýsti yfir áhuga á að það tæki við rekstri og eignum Listasafns Sigurjóns Ólafssonar. Í minnisblöðum mennta- og menningarmálaráðuneytis og forstöðumanns Listasafns Ísland kom fram að áhugi Listasafnsins hefði verið mikill. Forstöðumaður þess teldi safn Sigurjóns búa yfir einstæðum möguleikum auk þess sem safneign þess væri glæsileg viðbót við listaverkæign safnsins. Ráðherra menningarmála hefði einnig verið jákvæður í garð hugmyndarinnar og því verið ákveðið að ganga til formlegra viðræðna.

Áhugi á að Listasafn Íslands tæki yfir reksturinn

Til að viðræður gætu hafist þurfti að breyta 26. gr. skipulagsskrárinnar í þá veru að stjórn stofnunarinnar fengi heimild til að ráðstafa eignum hennar að fengnu samþykki fulltrúaráðs. Slíkar breytingar voru staðfestar í mars 2011. Viðræðunefnd um framtíðarskipan Listasafns Sigurjóns Ólafssonar var skipuð í lok apríl og fyrsti fundur haldinn 18. maí 2011. Í viðræðunefnd sátu 8 aðilar, tveir fyrir hönd stjórnar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og einn fyrir fulltrúaráð þess, einn fulltrúi frá Listasafni Íslands og fjórir frá mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Undirbúningur gjafagernings stöð yfir allt árið 2011

Minnisblöð mennta- og menningarmálaráðuneytis gefa til kynna að viðræður og undirbúningur gjafagerningsins hafi staðið yfir allt árið 2011. Fram kemur í bréfi lögmanns fulltrúa Listasafns Sigurjóns Ólafssonar til mennta- og menningarmálaráðherra í maí 2012 að þá hafi allri skjalagerð verið lokið og samkomulagi verið náð um öll helstu efnisatriði.

Gjafagerningur árið 2012

Þann 21. júní 2012 færði Sjálfseignarstofnunin Listasafn Sigurjóns Ólafssonar Listasafni Íslands að gjöf allar eignir safnsins í minningu um Sigurjón, list hans og ekkju hans Birgittu Spur. Um var að ræða 181 þrívítt listaverk og 240 teikningar eftir Sigurjón, fasteign að Laugarnestanga 70 í Reykjavík, lausafé í eigu safnsins, verkfæri, ljósmyndir o.fl. Í gjafabréfi vegna þessa gernings kom fram að listaverkin væru gefin án kvaða utan þess að þau yrðu varðveitt og þeim viðhaldið á þann besta hátt sem kostur væri hverju sinni að mati Listasafns Íslands. Þá yrði höfundar-, sæmdar- og fylgiréttur áfram í eigu Birgittu Spur eða þess sem leiðir rétt sinn frá henni. Auk þessa var kveðið á um að söfnin gerðu með sér samkomulag um varðveislu gjafarinnar.

Alþingi samþykkti gjafagerninginn

Til staðfestingar á gjöfinni og móttöku hennar var gjafabréfið undirritað af stjórn Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, forstöðumanni Listasafns Íslands og formanni safnaráðs. Þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra var vitundarvottur. Gjafagerningurinn var gerður með fyrirvara um samþykki Alþingis skv. 36. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, að sýslumaður samþykkti hann og að sjálfseignarstofnunin yrði lögð niður í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Öll þessi atriði gengu eftir. Við afgreiðslu fjárlaga 2012 samþykkti Alþingi 20 m.kr. viðbótarfjárheimild til Listasafns Íslands svo að hægt yrði að veita gjöfinni viðtöku.

Listasafn Íslands



Listasafn Íslands er eign íslenska ríkisins og höfuðsafn á sviði myndlistar. Í samræmi við myndlistarlög nr. 64/2012 skal það einkum leitast við að safna íslenskri myndlist, vera miðstöð varðveislu, rannsókna, heimildasöfnunar og miðlunar á

íslenskri myndlist. Safnið veitir öðrum listasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu listasafna og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði myndlistar.

Listasafn Íslands leggur megináherslu á 19. og 20. aldar list, íslenska og erlenda. Það á mikið safn íslenskra verka og vaxandi safn erlendra verka. Innan vébanda þess eru tvö sérsöfn, Listasafn Sigurjóns Ólafssonar og Safn Ásgríms Jónssonar.

Samkvæmt safnalögum skal safnkostur höfuðsafna vera undirstaða fræðslu og sýningarstarfs þeirra og aðgengilegur til rannsókna. Höfuðsöfn mega almennt ekki taka við gjöfum sem kvaðir fylgja en ráðherra getur veitt undanþágu frá því ákvæði ef sérstök rök mæla með því.

2.2 Samkomulag Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og Listasafns Íslands

Fyrirgreindur gjafagerningur var undirritaður 21. júní 2012 og sama dag skrifuðu stjórn Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og forstöðumaður Listasafns Íslands undir samkomulag um varðveislu gjafarinnar. Því var ætlað að stuðla að því:

- ✓ að list Sigurjóns Ólafssonar yrði áfram gert hátt undir höfði,
- ✓ að í húsnæði safnsins á Laugarnesi yrði áfram miðstöð fjölþættrar rannsókn- og listastarfsemi í anda þeirrar starfsemi sem þar hafði verið rekin,
- ✓ að réttindi núverandi starfsmanna safnsins yrðu tryggð,
- ✓ að Listasafn Íslands varðveitti sem ótímabundin lán listaverk eftir Sigurjón Ólafsson í eigu Ingu Birgittu Spur og barna þeirra Sigurjóns og verk sem þá voru í vörslu Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

Í samkomulaginu var m.a. kveðið á um að Listasafn Íslands myndi halda utan um safn Sigurjóns sem eina heild, í sérstöku safni innan Listasafnsins og undir nafni listamannsins. Safn yrði rekið í fasteigninni á Laugarnestanga og yrðu þar ávallt einhver verk Sigurjóns til sýnis, innanhúss og á lóð safnsins. Gerð yrði grein fyrir lífi hans og list og því að safnið, listaverkin og eignirnar hefðu verið færð Listasafni Íslands að gjöf. Þá var kveðið á um að Listasafn Íslands myndi tryggja betri geymslur en fyrir voru undir listaverkin sem fylgdu gjöfinni ásamt því að uppfæra og kosta vistun vefskrár yfir listaverk Sigurjóns (sem var undanskilin gjöfinni) þannig að hún yrði áfram aðgengileg safninu og almenningi.

Til að tryggja sérstöðu og einkenni listar Sigurjóns skyldi Listasafn Íslands skipa þriggja manna ráðgjafarnefnd sem hefði það hlutverk að gera tillögur um sýningar tengdum list hans og starfsemi í húsnæði og á lóð safnsins á Laugarnestanga. Í nefndinni skyldu sitja fulltrúi Listasafns Íslands, Birgitta Spur eða einhver sem hún tilnefni í sinn stað og einn fulltrúi tilnefndur af mennta- og menningarmálaráðherra til þriggja ára í senn. Að Birgittu genginni myndu erfingjar hennar tilnefna fulltrúa í nefndina. Samkomulagið kveður á um að nefndin skuli skipuð svo lengi sem höfundarréttur gildir um verk Sigurjóns samkvæmt lögum.

Þá kvað samkomulagið á um að eftirlifandi eiginkonu Sigurjóns, Birgittu Spur, yrði heimilað að búa í íbúð í húsnæði safnsins á Laugarnestanga án þess að greiða húsaleigu svo lengi sem hún óskaði og heilsa leyfði. Listasafn Íslands skyldi gera við hana sérstakan samning þar um ásamt því að taka yfir skyldur Listasafns Sigurjóns Ólafssonar gagnvart starfsmönnum þess.

2.2.1. Efnidir samkomulagsins

Samkvæmt þeim upplýsingum og gögnum sem Ríkisendurskoðun hefur aflað hafa flest ákvæði samkomulagsins verið efnid. Safnið er rekið sem ein heild í húsnæði þess á Laugarnestanga og hefur það verið opið almenningi á tilteknum tímum árið um kring. Þar hafa verk Sigurjóns jafnan verið til sýnis og list hans rannsökuð. Þá hafa sumar- tónleikar verið haldnir þar eftir að Listasafn Íslands tók við rekstrinum en þeir höfðu verið fastur liður í starfsemi safnsins. Samkvæmt upplýsingum frá Listasafni Íslands

Samkomulag um varðveislu gjafarinnar

Listasafn Íslands tryggi betri geymslur undir listaverk Sigurjóns

Listasafn Íslands skipi ráðgjafarnefnd um list Sigurjóns

Flest ákvæði samkomulagsins hafa verið efnid

hefur það unnið að því að bæta merkingar í safninu í samráði við erfingja listamannsins. Þeirri vinnu er þó ólokið.

Sjö sýningar á verkum Sigurjóns 2012–15

Frá því að Listasafn Íslands tók við safninu í júní 2012 hafa verið settar upp sjö sýningar á verkum Sigurjóns. Þar á meðal er viðamikil yfirlitssýning sem að sögn Listasafns Íslands fékk a.m.k. tvöfalt lengri sýningartíma en almennt gerist og á besta sýningartíma listasafna. Veglegar sýningarskrár voru gefnar út í tengslum við tvær sýninganna, *Spor í sandi* (2014) og *Samspil – Interplay* (2015). Það skal tekið fram að seinni sýningarskráin var unnin að frumkvæði Birgittu Spur og þar hún sjálf hluta kostnaðar við útgáfu hennar. Engin fyrirheit voru gefin um fjölda sýninga fyrir undirritun samkomulagsins en sýningafjöldi hefur þó verið í samræmi við það sem áður var. Ríkisendurskoðun fær því ekki betur séð en að list Sigurjóns hafi verið gerð góð skil frá undirritun samkomulagsins og hvetur Listasafn Íslands til að halda áfram á þeirri braut.

Réttindi starfsmanna tryggð

Réttindi starfsmanna safnsins hafa verið tryggð með þeim hætti að gerður var þjónustusamningur við Birgittu Spur og hefur henni jafnframt verið heimilt að búa í íbúð safnsins án þess að greiða húsaleigu eða annan rekstrarkostnað (sjá kafla 2.4). Einn annar starfsmaður var fastráðinn við safnið fyrir yfirfærslu þess og er hann nú starfsmaður Listasafns Íslands. Eftir flutninginn hefur hann m.a. annast uppfærslu á vefskrá um verk Sigurjóns sem mun að sögn Listasafns Íslands áfram verða aðgengileg almenningi á netinu auk þess að verða færð yfir í Sarp sem er miðlægur menningar-sögulegur gagnagrunnur íslenskra safna.

Miklar tafir á skipun ráðgjafarnefndar

Ráðgjafarnefnd sem hefur það hlutverk að tryggja sérstöðu og einkenni listar Sigurjóns Ólafssonar og gera tillögur um sýningar og starfsemi í húsi og á lóð safnsins var skipuð í desember 2014. Það var tveimur og hálfu ári eftir undirritun samkomulagsins. Um ástæður þess að nefndin var ekki skipuð fyrr fengust þau svör að misskilnings hefði gætt milli Listasafns Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í samkomulaginu segir að Listasafn Íslands skuli skipa nefndina en einnig að ráðuneytið skuli tilnefna fulltrúa. Á meðan Listasafn Íslands beið eftir tilnefningu ráðuneytisins beið ráðuneytið eftir að safnið óskaði hennar. Það var ekki fyrr en að Birgitta Spur hóf að þrýsta á um skipun nefndarinnar að sá misskilningur var leystur. Frá þeim tíma hefur nefndin haldið reglulega fundi.

Ráðgjafarnefnd hefur hvorki boðunarvald né eftirlitsskyldu

Að sögn forstöðumanns Listasafns Íslands hefur ráðgjafarnefndinni verið veitt svigrúm til umræðna um þarfir Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og sjónarmið erfingja hans umfram það sem fyrrnefnt samkomulag kveður á um. Gögn máls styðja það enda hefur á vettvangi hennar m.a. verið rætt um nýtingu fjárheimilda og skiptingu þeirra á milli viðfanga Listasafns Íslands. Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur þó bent á að samkomulagið feli ekki í sér skyldu Listasafns Íslands til að gera nefndinni grein fyrir ráðstöfun fjárheimilda. Hún sé ekki stjórn og hafi hvorki boðunarvald né eftirlitsskyldu gagnvart safninu.

Þó að skipan nefndarinnar hafi tekið óeðlilega langan tíma og ólíkra sjónarmiða gæti að sumu leyti um hvert skuli vera hlutverk hennar verður ekki annað séð en að nefndin sinni því hlutverki sem henni var ætlað í samkomulaginu. Ríkisendurskoðun lítur svo á að þetta ákvæði samkomulagsins sé uppfyllt en telur þó að Listasafn Íslands hafi sýnt

andvaraleysi við skipun nefndarinnar. Stofnunin telur að seinagangurinn hafi haft neikvæð áhrif á samskipti Listasafns Íslands og erfingja Sigurjóns Ólafssonar.

2.2.2 Óuppfyllt ákvæði samkomulagsins

Að mati Ríkisendurskoðunar standa einkum tvö atriði í samkomulagi Listasafns Íslands við Listasafn Sigurjóns Ólafssonar út af borðinu. Bæði varða þau varðveislu þeirra listaverka sem fólust í gjafagerningnum. Eins og getið hefur verið kvað gjafabréfið 2012 á um að listaverk Sigurjóns skyldu varðveitt og viðhaldið á þann besta hátt sem kostur væri hverju sinni að mati Listasafns Íslands. Í því samkomulagi sem gert var sama dag var einnig kveðið á um að Listasafn Íslands tryggði betri geymslur en þá voru til staðar fyrir þau listaverk sem gjöfin fól í sér.

**Tvö atriði
þarfnast úrbóta**

Stór hluti listaverka Sigurjóns hefur undanfarin ár verið geymdur við ófullnægjandi aðstæður. Á því hefur lítil breyting orðið frá undirritun samkomulagsins. Að sögn forsvarsmanna Listasafns Íslands helgast það af almennum geymsluvanda safnsins. Staða geymslumála hafi verið slæm áður en gjöfinni var veitt viðtaka og sé það enn. Ástandið hafi verið öllum ljóst og hafi m.a. verið bent á vandann í skýrslu starfshóps menntamálaráðherra (nú mennta- og menningarmálaráðherra) um varðveislu- og geymslumál menningarstofnana sem heyra undir ráðuneytið árið 2006. Þar kom fram að Listasafn Íslands teldi framtíðarþörf sína fyrir geymslurými vera 3.840 m². Þar af vantaði um 1.500 m² rými fyrir því verk. Að þessu leyti hefði Listasafn Íslands verið vanbúið að taka við gjöfinni.

**Ófullnægjandi
geymsluaðstæður**

Í samtali við Ríkisendurskoðun kvað fulltrúi mennta- menningarmálaráðuneytis það vissulega hafa legið fyrir að geymslumál Listasafns Íslands væru ekki í góðu horfi. Vegna þessa hefði verið ráðgert að hluti þeirra fjárveitinga sem safninu var úthlutað vegna yfirfærslu Listasafns Sigurjóns Ólafssonar rynnu til úrbóta á þessu sviði. Minnisblöð ráðuneytisins vegna undirbúnings gjafagerningsins styðja þetta. Þar kom fram að taka þyrfti tillit til aukins kostnaðar Listasafns Íslands vegna gjafarinnar, þ. á m. geymslukostnaðar. Því væri lagt til að fjárframlag ríkisins til safnsins yrði umfram raunútgjöld Listasafns Sigurjóns Ólafssonar árin á undan. Þannig gæti safnið tekið við gjöfinni, efnt samninga og sinnt þeim verkefnum sem henni fylgdu með verðugum hætti.

Að sögn Listasafns Íslands hefur hluta fjárheimilda vegna Listasafns Sigurjóns Ólafssonar verið varið til úrbóta á geymsluaðstöðu þeirra verka sem fylgdu gjafagerningnum. Þetta hefði þó ekki verið gert í þeim mæli sem safnið hefði kosið. Hluti þeirra verka sem til sýnis var á yfirlitssýningunni *Spor í sandi* (2014) hefði verið færður í geymslur Listasafns Íslands að sýningu lokinni og sé þar varðveittur við betri skilyrði en áður. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að um 14 verk er að ræða. Gjafagerningnum fylgdi hins vegar 181 þrívítt verk og eru þetta því um 8% verkanna. Þá eru ótalin 120 verk sem erfingjar Sigurjóns lánuðu safninu ótímabundið í tengslum við gerninginn.

**14 gjafaverk hafa
verið flutt í betri
geymslur**

Samkvæmt upplýsingum frá Listasafni Íslands munu frekari úrbætur á varðveislurýmum fyrir verk Sigurjóns haldast í hendur við aukningu geymslurýmis fyrir Listasafnið í heild sinni. Engar fastmótaðar eða tímasettar áætlanir hafa þó verið gerðar í þessum málum og er það áhyggjuefni að mati Ríkisendurskoðunar. Engin lausn á geymsluvanda safnsins er í sjónmáli og því óvíst hvenær það mun geta efnt skyldur

**Engar áætlanir
um úrbætur í
varðveislumálum**

sínar um bættu geymsluaðstöðu fyrir verk Sigurjóns. Forstöðumaður Listasafns Íslands hefur bent á að hvergi í samkomulaginu sé getið tímamarka í þessu sambandi og því standi það enn sem fullgild viljayfirlýsing af hálfu safnsins.

Ríkisendurskoðun gagnrýnir skort á undirbúningi

Að mati Ríkisendurskoðunar hefði Listasafn Íslands átt að gera formlega áætlun um lausn þessa máls áður en það gekk til samninga við Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Um er að ræða veigamikil atriði í samkomulagi þessara aðila og allan tímann ljóst að í gjöfinni fælist mikill fjöldi listaverka. Það er því gagnrýniverð að forsvarsmenn Listasafns Íslands skuli ekki hafa undirbúið móttöku gjafarinnar betur og að ekki skuli hafa verið haft samráð við forvörð safnsins um móttöku og varðveislu verkanna áður en samkomulagið var undirritað. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að Listasafn Íslands setji sér formlega áætlun um uppbyggingu varðveislurýma og leiti allra leiða til að bæta geymsluaðstöðu þeirra verka sem það tók að sér að varðveita þegar það þáði gjöf Listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

Úttekt á verkum Sigurjóns Ólafssonar

Ótímabundið lán á listaverkum í eigu erfingja Sigurjóns

Seinna atriðið í samkomulagi safnanna tveggja sem Ríkisendurskoðun telur að ráða þurfi bót á snýr að úttekt á verkum Sigurjóns Ólafssonar í umsjá Listasafns Íslands. Í tengslum við gjafagerninginn fólu Birgitta Spur og börn hennar Listasafni Íslands til varðveislu, sem ótímabundið lán, 120 listaverk eftir Sigurjón í þeirra eigu. Um er að ræða viðbót við þau 181 verk sem fólust í gjöfinni. Í yfirlýsingu þess efnis (frá 18. júní 2012) er m.a. tekið á því með hvaða hætti Listasafni Íslands er heimilt að sýna umrædd verk eða lána þau til sýninga annars staðar. Þar er jafnframt kveðið á um að safnið skuli eiga forkaupsrétt að þeim listaverkum sem yfirlýsingin nær til. Sú skylda er lögð á Listasafn Íslands að það varðveiti verkin og viðhaldi ástandi þeirra frá þeim tíma sem þau voru afhent.

55 gjafaverk hafa verið tekin út af forverði Listasafns Íslands

Í janúar 2016 átti enn eftir að taka út og meta ástand meirihluta þeirra verka sem fólust í gjöfinni og ótímabundnu láni erfingja Sigurjóns. Einungis 55 gjafaverk höfðu þá verið yfirfarin. Forvörður Listasafns Íslands kvaðst þó hafa kynnt sér núverandi geymsluhúsnæði og þær aðstæður sem listaverkin væru geymd við. Að hans mati væri best að geyma verkin áfram í sömu húsakynnum þar til nýtt geymsluhúsnæði hefði fengist. Um afar viðkvæm verk væri að ræða sem lengi hefðu verið geymd við núverandi aðstæður. Eðlilegast væri því að þau yrðu yfirfarin um leið og þau yrðu færð í nýjar geymslur sem hæfðu þeim með tilliti til fyrirbyggjandi forvörslu. Ríkisendurskoðun telur svör forvarðar undirstrika það hversu aðkallandi úrbætur í varðveislumálum Listasafns Íslands eru.

Mikilvægt að verk Sigurjóns verði tekin út og ástand þeirra metið

Þá telur Ríkisendurskoðun afar mikilvægt að þau verk sem erfingjar Sigurjóns Ólafssonar veittu Listasafni Íslands að láni verði tekin út sem fyrst. Slíkt mat er forsenda þess að hægt verði að meta hvort Listasafn Íslands hafi viðhaldið ástandi þeirra eins og samkomulagið kveður á um. Það hlýtur því að teljast hagsmunamál aðila samkomulagsins, ekki síst Listasafns Íslands, að ástand verkanna sé skipulega metið og skráð svo að ekki komi til deilna um þessi atriði ef safnið skilar, kaupir eða lánar verkin annað. Það er því áhyggjuefni að engin formleg áætlun skuli liggja fyrir um úttekt þeirra.

2.3 Samningur um útgáfurétt á verkum Sigurjóns

Samningur um útgáfurétt á verkum Sigurjóns var undirritaður af fulltrúum Listasafns Íslands og handhafa höfundarréttar 21. júní 2012. Samningurinn kveður m.a. á um að útgefandi (Listasafn Íslands) og réttihafi (Birgitta Spur, fyrir hönd handhafa höfundarréttar) taki sameiginlega ákvörðum um framleiðslu á verkum eftir Sigurjón Ólafsson í eigu Listasafns Íslands sem ætluð eru til sölu sem og um útsöluverð á afsteypum, eftirgerðum og eftirmyndum. Fram kemur að útgefandi greiði réttihafa höfundarréttar 30% af söluverði og að hagnaði útgefanda af sölu framleiðslunnar skuli varið til varðveislu og viðgerða á listaverkum Sigurjóns í eigu útgefanda og til rannsókna, lista- og menningarstarfsemi í húsnæði safnsins á Laugarnestanga. Að sögn samningsaðila hefur ekki reynt á þennan samning.

Ekki hefur reynt á samning um útgáfurétt á verkum Sigurjóns

2.4 Þjónustusamningur Listasafns Íslands við Birgittu Spur

Þegar safn Sigurjóns Ólafssonar var gefið Listasafni Íslands lét Birgitta Spur af störfum sem forstöðumaður þess. Fram kemur í gögnum málsins að stjórn Listasafns Sigurjóns Ólafssonar hafi litið á það sem eina helstu forsendu samninganna að sem minnst breyting yrði á högum Birgittu og að hún myndi njóta sömu lífskjara og áður, eftir því sem kostur væri. Niðurstaðan varð sú að gerður var samningur við hana um ráðgjafarþjónustu við Listasafn Íslands. Þjónustusamningurinn var undirritaður 21. júní 2012 og er gildistími hans frá 1. júlí 2012 til 31. desember 2018. Eftir þann tíma framlangist hann sjálfkrafa um eitt ár í senn nema annar hvor samningsaðila óski eftir að hann verði endurskoðaður eða honum sagt upp með tilskildum fyrirvara.

Þjónustusamningur við Birgittu Spur

Í samningnum segir að meginmarkmið hans sé að Listasafn Íslands geti notið þjónustu ráðgjafa (þ.e. Birgittu) vegna verkefna sem tengjast starfsemi í og við húsnæði safnsins á Laugarnestanga og listaverkum Sigurjóns Ólafssonar, m.a. undirbúningi og skipulagningu sýningahalda, fræðslustarfs, útgáfu og kynninga á verkum listamannsins á vegum safnsins. Einnig að safnið geti notið þjónustu hennar vegna eftirlits með húsnæðinu. Fyrir þjónustu sína við safnið fái Birgitta mánaðarlegar greiðslur og afnot af íbúð í húsnæði þess á Laugarnestanga án endurgjalds svo lengi sem hún kjósi að notfæra sér það. Að mati Ríkisendurskoðunar hefur Listasafn Íslands efnt þær skuldbindingar sínar.

Ólíkar túlkningar á ákvæði þjónustusamningsins

Í viðtölum Ríkisendurskoðunar vegna úttektarinnar kom í ljós að viðmælendur stofnunarinnar túlka ákvæði þjónustusamningsins um hlutverk ráðgjafa með ólíkum hætti. Að sögn fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis var samningurinn fyrst og fremst hugsaður sem starfslokasamningur og greiðslur samkvæmt honum ígildi eftirlaunagreiðslna. Birgittu bæri því ekki að sinna neinum verkefnum fyrir Listasafn Íslands utan þess helst að veita ráðgjöf eftir þörfum.

Aðilar þjónustusamnings túlka ákvæði hans á ólíkan hátt

Ólíkt ráðuneytinu lítur Birgitta svo á að hún hafi verið ráðin til sérstakra verkefna við Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Hún hefur enn skrifstofuaðstöðu í húsnæði þess á Laugarnestanga þar sem hún sinnir ýmsum verkefnum. Má þar nefna skrif um tilurð verka Sigurjóns og sögu Listasafns Sigurjóns Ólafssonar ásamt flokkun ýmissa skjala. Samkvæmt upplýsingum frá Listasafni Íslands hafði Birgitta frumkvæði að þessum verkefnum en safnið samþykkti þau og hefur skjalastjóri þess verið henni innan handar við að flokka og skrá skjalasafnið. Safnið kvaðst svo hafa leitað til Birgittu um

að taka að sér helgarvaktir í safninu að vetrarlagi og afleysingar yfir sumartímann, ásamt því að sjá um þrif með aðstoð aukamanneskju. Þá hefur hún verið beðin um að sinna kaffistofu safnsins. Í athugasemdum Birgittu við drög að þessari skýrslu kom fram að auk framangreindra verkefna hafi hún m.a. sinnt móttöku gesta, haft umsjón með gæslufólki, sinnt símaþjónustu og tekið við bókunum vegna leigu á sal.

Verkefni sem ekki samrýmast hlutverki ráðgjafa

Þrátt fyrir að Birgitta sé á heimasíðu Listasafns Íslands titluð ráðgjafi hefur hún allt frá því að gjafagerningurinn gekk í gegn árið 2012 sinnt verkefnum sem jafnan væru á verksviði faglegs stjórnanda safns. Hún hefur t.d. haft frumkvæði að og stýrt sýningum sem settar hafa verið upp í safninu, aflað styrkja, ritstýrt sýningarskrám og veitt leiðsögn um sýningar. Í samtali við Ríkisendurskoðun kom fram að henni hefði fundist Listasafn Íslands hafa lítið frumkvæði að sýningum og starfsemi í safninu og í stað þess að horfa upp á „dautt safn“ hefði hún lagt til hugmyndir sínar og starfskrafta og borið undir forstöðumann safnsins. Ekki verður séð að öll þessi verkefni samrýmist hlutverki ráðgjafa samkvæmt þjónustusamningi eða þeirri túlkun sem mennta- og menningar- málaráðuneyti leggur í samninginn. Á hinn bóginn hefur ráðgjafi greint frá því að Listasafn Íslands hafi leitað til hennar um að sinna hluta þeirra, s.s. að taka að sér stjórn sýninga og sjá um samskipti við styrktaraðila.

Ráðgjafi skuli ekki sinna stjórnunarstörfum

Þegar fulltrúar Listasafns Íslands voru spurðir út í störf Birgittu sem ráðgjafa kom fram að þeir teldu eðlilegt að hún hefði aðkomu að málefnum safnsins eins og samningar kveða á um enda þekki enginn safnið og list Sigurjóns Ólafssonar betur. Á hinn bóginn hefði hún gert meira en safnið teldi eðlilegt og æskilegt í ljósi gjafagerningsins og efni þjónustusamningsins. Aðspurðir kváðust þeir þó ekki hafa gert athugasemdir við störf hennar. Safnið hefði lítið svo á að samruni safnanna krefðist ákveðinnar aðlögunar og því hefði það mætt frumkvæði hennar af velvild. Á hinn bóginn væri ljóst að ráðgjafi ætti ekki að sinna stjórnunarstörfum. Á því yrði að verða breyting.

Mikilvægt að tryggja sameiginlegan skilning

Að mati Ríkisendurskoðunar er ljóst að skilningur aðila þjónustusamningsins er ekki samhljóma þegar kemur að hlutverki ráðgjafa. Þetta veldur togstreitu sem brýnt er að eyða. Mikilvægt er að aðilar samningsins séu samstiga í túlkun hans svo að ekki komi til árekstra. Því telur Ríkisendurskoðun rétt að Listasafn Íslands hafi forgöngu um að ákvæði samningsins verði skýrð svo að ljóst verði hvert raunverulegt hlutverk Birgittu sem ráðgjafa er og hvaða verkefnum henni er ætlað að sinna fyrir Listasafn Íslands. Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að það verði gert í virku og góðu samstarfi samningsaðila. Ríkisendurskoðun vekur athygli á að í reglugerð nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs segir að í þjónustusamningi skuli gera ítarlega grein fyrir því verkefni sem á að leysa og þeim markmiðum sem stefnt er að með gerð samningsins. Ríkisendurskoðun leggur til að þjónustusamningurinn verði endurskoðaður í samræmi við þau fyrirmæli.

2.5 Framtíð Listasafns Sigurjóns Ólafssonar

Togstreita í samskiptum aðila gjafagerningsins

Úttekt Ríkisendurskoðunar hefur leitt í ljós að togstreitu gæti í samskiptum erfingja Sigurjóns Ólafssonar og Listasafns Íslands. Rótin að þeim vanda virðist m.a. liggja í veikri stjórn Listasafns Íslands á málefnum Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, þeirri miklu töf sem varð á skipan ráðgjafarnefndar og samskiptaleyfis sem sú töf leiddi til. Ófullnægjandi efndir á samkomulagi um varðveislu gjafarinnar, skortur á undirbúningi

Listasafns Íslands fyrir móttöku hennar og óljóst hlutverk Birgittu Spur sem ráðgjafa hafa að mati Ríkisendurskoðunar sömuleiðis haft neikvæð áhrif á samskiptin. Það sama má segja um ráðstöfun Listasafns Íslands á fjárheimildum ætluðum Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Nánar verður fjallað um fjármál safnsins í kafla 3.

Í febrúar 2016 voru tæp fjögur ár liðin frá því að Listasafn Íslands tók við Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Þó að gjafagerningurinn sé að forminu til frágenginn telur Ríkisendurskoðun að í framkvæmd sé samruna safnanna ekki lokið. Upplýsingar úr viðtölum stofnunarinnar benda til þess að hálfgerð stefnuleysi hafi ríkt í málefnum Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og óljóst hver fari í reynd með stjórn þess. Eins og fram hefur komið hefur Birgitta Spur starfað sem nokkurs konar faglegur stjórnandi safnsins þrátt fyrir að myndlistarlög nr. 64/2012 kveði skýrt á um skyldur forstöðumanns Listasafns Íslands í því sambandi. Hann hafi m.a. það hlutverk að stjórna starfsemi og rekstri safnsins ásamt því að móta listræna stefnu þess. Í reglugerð nr. 171/2014 um Listasafn Íslands segir ennfremur að safnstjóri stjórn daglegum rekstri safnsins, skipuleggi sýningar á vegum þess og sjái um aðra venjulega starfsemi.

Í greinargerð frá Listasafni Íslands í janúar 2016 segir að yfirfærsla Listasafns Sigurjóns Ólafssonar hafi krafist aðlögunar beggja aðila. Henni ætti þó að ljúka á næstu 18 mánuðum. Þá verða liðin fimm ár frá móttöku gjafarinnar. Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að sá tími verði vel nýttur og að Listasafn Íslands taki stjórn á Listasafni Sigurjóns Ólafssonar með afgerandi hætti, móti skýra framtíðarsýn um safnið og formlega áætlun um hvernig það ætlar sér að fella það undir Listasafn Íslands og standa við þær skuldbindingar sem fylgdu viðtöku gjafarinnar. Æskilegt er að slík áform verði kynnt á fundum ráðgjafarnefndar. Að mati Ríkisendurskoðunar mælir ekkert gegn því að Birgitta beri þar upp tillögur að sýningum eða annarri starfsemi í safninu eða að forstöðumaður leiti þar eftir tillögum hennar. Hitt er þó skýrt að forstöðumaður Listasafns Íslands fer með stjórn Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og hefur þar af leiðandi ákvörðunarvald yfir starfseminni. Því fylgir sú ábyrgð að setja formleg mörk og skýrar verklagsreglur.

Þegar Listasafn Íslands var innt eftir framtíðaráformum um Listasafn Sigurjóns Ólafssonar kvaðst það þurfa mun beinni aðgang að innri starfsemi safnsins en það hefði haft. Meðal annars þurfi að setja starfsmann þess sem deildarstjóra í safnið svo að bæta megi yfirsýn og samræma heildarmynd safnanna. Þá þurfi að fella heimasíðu Listasafns Sigurjóns Ólafssonar undir Listasafn Íslands og samræma útlit á öllu kynningarefni. Þó að safnið fái að halda sérkennum sínum sé það undirsafn Listasafns Íslands og því verði að líta á þessi mál heildrænt. Ríkisendurskoðun hvetur Listasafn Íslands til að setja sér tímasetta aðgerðaáætlun í þessu efni.

Að mati forsvarsmanna Listasafns Íslands er Listasafn Sigurjóns Ólafssonar vannýtt, bæði hvað varðar fjölda gesta og tekjur. Þeir telja að opna þurfi safnið meira fyrir almenningi og setja upp fjölbreyttari sýningar. Þá megi tengja það betur við starfsemi Listaháskóla Íslands og auka rannsóknir og aðgengi rannsakenda að safninu. Mögulega megi leigja safnið út sem kennsluhúsnæði á veturna en þá hefur það verið lokað almenningi virka daga. Listasafn Íslands kvaðst auk þess sjá fyrir sér að sumartíminn

Stefnuleysi í málefnum Listasafns Sigurjóns Ólafssonar

Listasafn Íslands verður að móta skýra framtíðarsýn og áætlun um efndir samkomulagsins

Sóknarfæri í rekstri Listasafns Sigurjóns Ólafssonar

yrði nýttur til fjölbreyttra sýninga og jafnvel útiveru þar sem staðsetning safnsins sé einstæð.

Samráð við erfingja Sigurjóns mikilvægt

Að mati Ríkisendurskoðunar benda hugmyndir Listasafns Íslands til þess að sóknarfærin séu mörg. Stofnunin hvetur safnið til að vinna skipulega með hugmyndir sínar og móta skýra framtíðarsýn fyrir Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Þá er það eindregið hvatt til að hafa gott samráð við erfingja Sigurjóns um framtíð safnsins og kynna hugmyndir sínar reglulega á fundum ráðgjafarnefndar. Fram hefur komið að erfingjarnir séu óánægðir með framangreindan annmarka á efndum og að þeim þyki framtíðin óljós. Þeir telji að hugsanlega þurfi að endurskoða samkomulagið og að jafnvel sé best að safnið verði sjálfstæð eining í ríkiseign, með eigin fjárhag og stjórn. Í ljósi þessa telur Ríkisendurskoðun afar brýnt að Listasafn Íslands leggi fram raunhæfar áætlanir um framtíð Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og hvernig það hyggst efna samkomulagið um varðveislu gjafarinnar að fullu.

3 Rekstur Listasafns Íslands og Listasafns Sigurjóns Ólafssonar

3.1 Fjárveitingar og rekstur

Samkvæmt 8. gr. myndlistarlaga greiðir ríkissjóður kostnað af rekstri Listasafns Íslands eftir því sem ákveðið er í fjárlögum. Listasafnið getur einnig haft tekjur af eigin starfsemi, styrkjum eða öðrum framlögum. Rekstri Listasafns Íslands er skipt upp í þrjú viðföng samkvæmt fjárlögum, þ.e. Listasafn Íslands, Listasafn Ásgríms Jónssonar og Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Tafla 3.1 sýnir þróun fjárheimilda Listasafns Íslands á árunum 2012–16 á verðlagi hvers árs og skiptingu þeirra á milli viðfanga.

Ríkissjóður greiðir kostnað af rekstri Listasafns Íslands

3.1	Þróun fjárheimilda Listasafns Íslands 2012–16 í m.kr.*				
	2012	2013	2014	2015	2016
Listasafn Íslands	171,7	202,6	209,8	211,7	248,2
Listasafn Ásgríms Jónssonar	5,5	5,6	5,9	7,1	7,8
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	20,0	29,7	30,8	34,9	25,2
Almennur rekstur samtals	197,2	237,9	246,5	253,7	281,2

*Heimild: Fjárukalög 2012 og fjárlög 2013–16.

Heildarfjárheimildir Listasafns Íslands, eins og þær birtast í fjárlögum, hafa hækkað um rúm 42% frá því að safnið tók yfir rekstur Listasafns Sigurjóns Ólafssonar árið 2012. Hlutfall þess safns af almennum rekstri Listasafnsins hefur samkvæmt fjárlögum 2013–15 verið 12,5–14%. Eftir breytingartillögu frá meirihluta fjárlaganefndar, sem samþykkt var við afgreiðslu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2016, voru 12 m.kr. færðar af viðfangi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar yfir á Listasafn Íslands og lækkaði hlutfallið þar með niður í 9% (sjá nánar í kafla 3.1.1).

Heildarfjárveitingar hafa hækkað um 42%

Upplýsingar úr ríkisreikningi benda til þess að á árunum 2010–14 hafi rekstur Listasafns Íslands verið nokkuð stöðugur þegar tímabilið er skoðað í heild. Árið 2010 var tæplega 7 m.kr. afgangur af rekstri safnsins en árið 2011 rúmlega 8 m.kr. halli. Niðurstaðan í árslok 2012 var afgangur upp á tæpar 8 m.kr. en það ár tók Listasafn Íslands yfir rekstur Listasafns Sigurjóns Ólafssonar. Árið 2013 var afgangurinn 1 m.kr. og árið 2014 var hann 1,7 m.kr. Samkvæmt upplýsingum í Orra, fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, var niðurstaða rekstrar árið 2015 hins vegar 20,5 m.kr. halli.

Rekstur Listasafns Íslands

3.1.1 Fjárveitingar vegna Listasafns Sigurjóns Ólafssonar

Í minnisblöðum mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna undirbúnings gjafagerningsins árið 2012 var tekið fram að nokkrar fjárhagslegar skuldbindingar fælust í því að þiggja gjöfina. Rekstraráætlanir Listasafns Sigurjóns Ólafssonar árin 2011 og 2012 hefðu hljóðað upp á um 20 m.kr. og raunútgjöld verið um 18 m.kr. Talið var að sú fjárhæð endurspeglaði þörfina á fjárframlagi ríkisins en að þá ætti eftir að taka tillit til aukins geymslukostnaðar Listasafns Íslands vegna gjafarinnar, kostnaðar vegna húsnæðis á Laugarnestanga og samnings við fráfarandi forstöðumann. Að mati ráðuneytisins yrði viðbótarkostnaður Listasafns Íslands við að þiggja gjöfina og efna samninga vegna hennar um 20 m.kr. árlega. Í frumvarpi til fjárukalaga 2012 var því lagt til að

Fjárhagslegar skuldbindingar fólust í viðtöku gjafarinnar

safninu yrði veitt slíkt viðbótarframlag. Þar var jafnframt tekið fram að í frumvarpi til fjárlaga 2013 væri gert ráð fyrir áframhaldandi 20 m.kr. fjárveitingu auk þess sem 8,5 m.kr. fjárframlag sem fram að þessu hafði runnið til Listasafns Sigurjóns Ólafssonar yrði millifært til Listasafns Íslands, þ.e. á sérstakt viðfang tengdu safni Sigurjóns.

Vísbendingar um ónýttar fjárheimildir

Upplýsingar í Orra benda til að hluti af fjárveitingum Alþingis til viðfangsins Listasafn Sigurjóns Ólafssonar (09-207 1.03) hafi verið ónýttur í árslok öll árin sem safnið hefur verið á forræði Listasafns Íslands. Í töflu 3.2 má m.a. sjá yfirlit um fjárheimildir safnsins árin 2012–16, flutning fjárheimilda milli ára og uppsafnaðar heimildir í lok hvers árs.

3.2 Fjárheimildir vegna Listasafns Sigurjóns Ólafssonar 2012–16 í m.kr.*	2012	2013	2014	2015	2016
Flutt frá fyrra ári	0	14,1	26,9	40,5	19,9
Fjárheimildir **	20,0	29,7	30,8	34,9	25,2
Millifærslur v. launabóta	0	0	0,1	0,8	0
Sértekjur	0	0	0	-3,0	-3,1
Heildar fjárheimildir	20,0	43,8	57,8	73,1	42,1
Rekstrarkostnaður	5,9	16,9	17,3	53,3	
Staða í árslok	14,1	26,9	40,5	19,9	

*Heimild: Orri, Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins. ** Fjárheimild ársins 2012 skv. fjárukaulögum.

Tafla 3.2 gefur þá mynd að einungis hluti af þeim fjárheimildum sem Alþingi hefur á hverju ári veitt til reksturs Listasafns Sigurjóns Ólafssonar hafi verið nýttur. Afgangurinn, allt að 71% fjárheimildanna, hafi hins vegar verið færður á milli ára. Upplýsingar um að illa hefði gengið að fá fjármagn til að sinna verkefnum safnsins komu Ríkisendurskoðun því á óvart.

Fjárheimildir færðar á milli viðfanga

Þegar leitað var skýringa hjá Listasafni Íslands fengust þau svör að þessar heimildir væru í raun og veru ekki ónýttar heldur hefðu þær verið færðar á milli viðfanga innan Listasafns Íslands. Staða Listasafns Sigurjóns Ólafssonar í Orra endurspeglaði aðeins þann kostnað sem gjaldfærður hefði verið á viðfangið. Sameiginlegur kostnaður við söfnin þrjú, t.d. launakostnaður stjórnenda og kostnaður við fagdeildir sem þjóna öllum söfnunum, s.s. vegna kynningarmála, geymslumála og forvörslu, hefði hins vegar verið færður á viðfangið Listasafn Íslands (02-907 1.01). Þetta hefði valdið skekkju í stöðu viðfanga safnsins sem það hefði ekki gert sér grein fyrir fyrr en nýverið. Safnið kvaðst því hafa óskað eftir því að skiptingu heildarfjárheimilda á viðföng safnsins yrði breytt við gerð fjárlaga fyrir árið 2016. Í tillögu safnsins var þess óskað að Listasafn Ásgríms Jónssonar fengi 4% hluta alls framlagsins, Listasafn Sigurjóns Ólafssonar 10% og Listasafn Íslands 86% hluta framlagsins.

Breyting á skiptingu fjárheimilda

Framangreind tillaga Listasafns Íslands var ekki samþykkt en við aðra umræðu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2016 lagði mennta- og menningarmálaráðuneyti til að millifærðar yrðu 12 m.kr. af viðfanginu Listasafn Sigurjóns Ólafssonar yfir á viðfangið Listasafn Íslands til að leiðrétta skiptingu fjárheimilda milli deilda safnsins. Öll fagleg vinna væri gjaldfærð á Listasafn Íslands sem og öll gjöld vegna geymslumála. Í fjárheimild til Listasafns Sigurjóns Ólafssonar hefði þó frá upphafi verið gert ráð fyrir framlagi til geymslumála og það hefði valdið skekkju í áramótastöðu viðfanganna. Ríkisstjórnin samþykkti

tillöguna og leiðréttingin kom inn í fjárlög ársins 2016 sem samþykkt voru á Alþingi í desember 2015.

Að mati Ríkisendurskoðunar er jákvætt að Listasafn Íslands hafi leitað leiða til að leiðrétta framangreinda skekkju í bókhaldi sínu. Samkvæmt upplýsingum safnsins er nú einungis hlutfall af launakostnaði fagdeilda gjaldfærður hjá Listasafni Sigurjóns Ólafssonar, þ.e. í samræmi við hlutfall þess af heildarframlagi ríkisins til Listasafns Íslands. Sameiginlegur útlagður kostnaður vegna t.d. auglýsinga, notkunar tækja og annarra aðfanga hafi ekki verið gjaldfærður á viðfangið og ekki heldur kostnaður vegna listaverkadeildar, heimildasafns og safnverslunar. Ástæðan sé sú að safnið hafi leitast við að hafa gjaldfærsluna eins einfalda og mögulegt er. Að mati Listasafns Íslands væri verkþókhald í svona lítilli einingu óhagkvæmt enda séu margir þættir unnir þvert á söfnin þrjú. Þá yrði ógagnsætt að skipta reikningum upp og deila á söfnin. Ríkisendurskoðun fellst á það en hvetur Listasafn Íslands þó til að greina þann kostnað sem hlýst af starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar svo að gjaldfærsla á viðfangið endurspegli þann kostnað sem raunverulega hlýst af starfsemi.

Um heimildir forstöðumanns til að færa fjárheimildir milli viðfanga

Á fundi með fulltrúa Listasafns Íslands kom fram að safnið hefði litið á fjárveitingar Alþingis sem heildarfjárveitingu til safnsins og að heimilt væri að færa þær á milli viðfanga. Fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis lýsti yfir sama skilningi á fundi með Ríkisendurskoðun. Að mati þessara aðila er, þrátt fyrir viðfangaskiptingu rekstrar í fjárlögum, ekki hægt að líta svo á að tiltekna fjárheimildir séu eyrnamerkta Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Fulltrúi ráðuneytisins kvaðst raunar líta svo á að eftir gjafagerninginn væri ekkert til sem hétu Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Safnið væri nú hluti af Listasafni Íslands, sambærilegt safni Ásgríms Jónssonar, en ekki sjálfstæð eining. Í því sambandi vekur Ríkisendurskoðun þó athygli á að í fjárlögum er heitið Listasafn Sigurjóns Ólafssonar notað yfir viðfangið og þá er á [heimasíðu](#) Listasafns Íslands talað um Listasafn Sigurjóns Ólafssonar sem sérsafn innan vébanda þess.

Ríkisendurskoðun tekur ekki undir framangreinda túlkun Listasafns Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytis á fjárheimildum Listasafns Íslands. Þó að 37. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins hafi heimilað flutning fjárheimilda milli einstakra rekstrarverkefna hvers ríkisaðila í A-hluta þýddi það ekki að forstöðumenn stofnana gætu fært fjárheimildir milli viðfanga að vild. Skipti Alþingi fjárveitingu til stofnunar niður á sérgreind viðföng bar forstöðumanni að virða þá skiptingu. Væri vilji til að breyta henni þyrfti að leita samþykkis Alþingis í fjárlögum, eins og raunar var gert í tilfelli Listasafns Íslands í fjárlögum 2016.

Í frumvarpi til fjárreiðulaga segir í skýringum við 37. grein að með henni sé komið til móts við sjónarmið um aukinn sveigjanleika stofnana til ráðstöfunar fjármuna. Stofnunum sé þó einungis heimilt að flytja fjármuni milli rekstrarverkefna en ekki til stofnkostnaðar- eða nýrra verkefna. Ríkisendurskoðun bendir í þessu sambandi á að þegar lög um fjárreiður ríkisins voru samþykkt árið 1997 hafi tíðkast að skipta rekstri stofnana í nokkur viðföng, t.d. laun og annan rekstrarkostnað. Núorðið sé slík skipting afar fátíð og rekstur almennt felldur undir eitt og sama viðfangið. Það hafi helst átt við um safnliði að þeim væri skipt upp í viðföng. Í slíkum tilvikum hefði þótt óeðlilegt ef ráðuneyti færði fjárheimildir á milli óskyldra viðfangsefna.

Mikilvægt að greina kostnað vegna reksturs og verkefna safnsins

Forstöðumanni ber að virða viðfangaskiptingu Alþingis

Fátítt að skipta rekstri stofnana á viðföng

Ríkisendurskoðun telur að þegar Alþingi kveður á um viðfangaskiptingu hjá stofnun hljóti það að helgast af einhverjum sjónarmiðum um aðgreiningu í rekstri sem fjárveitingarvaldið vill að höfð séu í heiðri. Þá skiptingu beri forstöðumönnum að virða ellegar óska formlega eftir breytingum. Listasafni Íslands beri því að virða viðfangaskiptingu fjárheimilda sinna og verja þeim sem tengjast Listasafni Sigurjóns Ólafssonar til reksturs og verkefna safnsins og til að uppfylla þær skuldbindingar sem fólust í gjafagerningnum árið 2012. Þar kemur skýrt fram að Listasafn Sigurjóns Ólafssonar skuli vera „sérstakt safn innan Listasafns Íslands“.



Ríkisendurskoðun - Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 - 125 Reykjavík
Sími 569-7100
postur@rikisend.is - www.rikisendurskodun.is